

UTANRÍKISRÁÐHERRA

Reykjavík, 8. desember 2022

Hr. lögmaður,

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar, dags. 7. desember sl., sem er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að vísa til samtala milli sjávarútvegsráðherra Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan færeyskrar og íslenskrar lögsögu árið 2023.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

"Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu árið 2023

1.gr.

Veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni 2022/2023 verða 30 þúsund lestir enda verði leyfilegur heildarafli a.m.k. 500 þúsund lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þúsund lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum.

Heimilt er færeyskum skipum að landa afla sínum til vinnslu á Íslandi. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þúsund lestir er heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum magn sem nemur allt að 3/4 hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Verði leyfilegur heildarafli aftur á móti meiri en 500 þúsund lestir er eigi heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum meira en sem nemur 2/3 hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Eftir 17. febrúar skal eigi meira en 1/3 hluti af heildarkvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands eða verða tekin til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum. Heimildin til að landa til manneldisvinnslu eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum eftir 17. febrúar fer ekki undir 4.000 tonn, þótt það magn nemi hærra hlutfalli en 1/3 af loðnukvóta Færeyja.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2022/2023 að veiða allt að 10 þúsund lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenkra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Íslands árið 2023. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja árið 2023. Eigi skulu fleiri en 15 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeyja. Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngþveiti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 tonnum af makríl á ári innan fiskveiðilögsögu Færeyja árið 2023.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila. Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta. Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð."

Ég leyfi mér að staðfesta að ofangreint er skilningur minn og tekur samningurinn gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,

Bjarni Benediksson,
starfandi utanríkisráðherra

Hr. lögmaður,
Bárður á Steig Nielsen
Uttanríkis- og menntamálaráðið
Tórshavn